

24. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 26. maí 2011, kl. 16.15, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari. Sólveig Jónsdóttir og Gunnar Sigurðsson almannatengslafulltrúar boða forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir.

Fundargerð 23. fundar frá 28. apríl sl. samþykkt.

2. Erindi til laga- og reglugerðarnefndar.

Stjórn FSÍ hefur hafið undirbúning að fimleikafingri 2012 og m.a. farið yfir lög, reglugerð og móta- og keppnisreglum FSÍ til að kanna hvort þörf sé á að gera breytingu á regluverki sambandsins með það að markmiði m.a. að auka skilvirkni og skýra reglur um ábyrgð og verksvið stjórnar FSÍ og nefnda sambandsins.

Stjórn FSÍ samþykkir að óska eftir því við laga- og reglugerðarnefnd, með vísan til b. liðar 8. gr. reglugerðar Fimleikasambands Íslands, að nefndin fari yfir tiltekin ákvæði í lögum, reglugerð og móta- og keppnisreglum FSÍ og komi jafnframt með tillögur að breytingum sem nefndin telur rétt að fram fari á regluverki sambandsins í samræmi við framangreint markmið. Stjórn FSÍ óskar eftir að laga- og reglugerðarnefnd leiti í smiðju til systursamtaka FSÍ innan ÍSÍ sem mörg hver hafa endurskoðað regluverk sitt á síðustu árum. Þá óskar stjórn eftir að laga- og reglugerðarnefnd vinni að þessu máli í samvinnu við stjórn og framkvæmdastjóra. Þess er óskað að laga- og reglugerðarnefnd skili af sér skriflega til stjórnar eigi síðar en 20. september 2011.

3. Fimleikafing 2012.

Samþykkt er að fimleikafing 2012 verði haldið laugardaginn 23. janúar nk.

Framkvæmdastjóra falið að kynna aðildarfélögum framanritað ákvörðun.

4. Verkefnaskrá FSÍ 1. júní 2011 til 23. janúar 2012.

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að verkefnaskrá stjórnar FSÍ 1. júní 2011 til 23. janúar 2012. Um er að ræða verk- og tímaáætlun stjórnar FSÍ fram að næsta fimleikahæfing. Í áætluninni eru tilgreind föst og árstíðarbundinn verkefni stjórnar sem og þau málefni sem stjórn ætlar að vinna að fram að næsta fimleikahæfing, laugardaginn 23. janúar 2012.

5. Heimsmeistaramótið í Tokyo 1.-17. október 2011 – tilnefningar frá tækninefndum.

Stjórn FSÍ beinir því til tækninefnda karla og kvenna í áhaldafimleikum að nefndirnar sendi stjórn FSÍ tillögur/tilnefningar um væntanlega keppendur og þjálfara frá Íslandi á Heimsmeistaramótið í Tokyo sem fram fer í október nk., fyrir mánudaginn 6. júní nk. Stjórn vísar í þessu sambandi til „verkferla um val þátttakenda landsliða o.fl.“ og ítrekar að með tilnefningu skal fylgja rökstuðningu tækninefnda og ætíð skal gerð grein fyrir þeim faglegu forsendum og/eða lágmörkum sem eru að baki tilnefningu keppenda og þjálfara hverju sinni. Hámarksfjöldi keppenda af hvoru kyni eru þrír. Hámarksfjöldi þjálfara fyrir hvort kyn er einn.

6. Erindi frá verkefnisstjóra í áhaldafimleikum karla og kvenna.

Verkefnisstjóri óskar eftir fjárhagslegum stuðningi FSÍ til að þær stúlkur, sem stefna að því að keppa á Heimsmeistaramótið í Tokyo, geti tekið þátt í Challenger Cup í Maribor í Slóveníu 23. -25. september nk., sem lið í undirbúningi þeirra fyrir Heimsmeistaramótið:

- a. Stjórn gefi leyfi til að skrifstofa FSÍ skrái íslenska keppendur á mótið.

Stjórn samþykkir beiðni verkefnisstjóra.

- b. Stjórn samþykki að greiða 500 evrur, sem er gjald þeirra þjóða sem ekki senda dómara.

Stjórn samþykkir beiðni verkefnisstjóra.

- c. Stjórn samþykki frekari fjárstuðning við keppendur.

Stjórn hafnar beiðni verkefnisstjóra með vísan til þess að ekki er gert ráð fyrir slíkum útgjöldum í fjárhagsáætlun FSÍ en samþykkir eins og rakið er hér að framan að leggja verkefninu lið með því að greiða 500 evrur gjaldið og bjóða fram vinnuframlag framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra.

Stjórn hvetur verkefnisstjóra til að leita eftir styrkjum fyrir keppendur. Stjórn óskar keppendum góðs gengis á mótinu.

Þá hefur verkefnisstjóri upplýst stjórn um að leyfi hafi fengist fyrir þátttöku Ólafs Garðars Gunnarssonar, Róberts Kristmannssonar og Viktors Kristmannssonar á danska meistaramótinu sem fram fer 8. -11. september nk. Mótið er liður í undirbúning fyrir Heimsmeistaramótið í Japan.

7. 60. ára afmæli Fimleikafélagsins Bjarkar.

Stjórn óskar Fimleikafélaginu Björk til hamingju með 60 ára afmælið og óskar félaginu velgengni á komandi árum. Formaður mun mæta f.h. stjórnar í afmæli félagsins.

8. Mótahald í maí.

Stjórn FSÍ þakkar Fimleikafélagi Akureyrar sem og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd Vormóts FSÍ sem haldið var á Akureyri 13. -15. maí. sl.

9. Smáþjóðaleikarnir 2015.

FSÍ hefur borist tilkynning frá ÍSÍ um að ákveðið hafi verið að valgreinar á Smáþjóðaleikunum 2015 sem haldnir verða á Íslandi verði badminton og skyldingar. Stjórn harnar þá ákvörðun ÍSÍ að fimleikar hafi ekki orðið fyrir valinu sem valgrein á leikunum. Stjórn bendir á að FSÍ er fjórða fjölmennasta sérgreinasamband innan ÍSÍ með glæsilega aðstöðu til mótahalds, mikla þekkingu og reynslu af mótahaldi og þá hefur árangur fimleikamanna sem keppt hafa Smáþjóðaleikum undanfarin ár verið mjög góður.

Stjórn FSÍ óskar eftir að ÍSÍ endurskoði ákvörðun sína um val á valgreinum á leikana og einnig óskar stjórn FSÍ eftir rökstuðningi ÍSÍ fyrir framangreindri ákvörðun.

Framkvæmdastjóra falið að senda ÍSÍ framangreinda bókun stjórnar.

10. Olympíuhátíð Evrópuæskunnar 20. -30. júlí 2011 í Tyrklandi – tilnefningar.

Málið var áður á dagskrá á 23. stjórnarfundi. Á aukafundi stjórnar FSÍ föstudaginn 13. apríl sl. ákvað stjórn koma til móts við óskir tækninefndar karla og kvenna í áhaldafimleikum og gera breytingu á samþykkt stjórnar frá 23. stjórnarfundi á þá vegu að Björn Tómas Magnússon verði liðstjóri hópans á mótinu. Þá er samþykkt, með vísan til bréfs tækninefndar til stjórnar, að Gennadyi Zadorozhny verði þjálfari 2 og Björn Tómas Magnússon verði þjálfari 1 og gegni jafnhliða starfi hópstjóra.

10. Til kynningar.

- a. Skrifstofa FSÍ verður lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna 18. júlí til 16. ágúst 2011 að báðum dögum meðtöldum.
- b. Stjórn hefur borist tilkynning um að Jimmy Ekstedt, nefndarmaður í tækninefnd í hóp fimleikum, hefur óskað eftir lausn frá nefndarstörfum en Jimmy er fluttur til

Svíþjóðar. Stjórn FSÍ færir Jimmy þakkir fyrir störf í þágu hreyfingarinnar og óskar honum velfarnaðar í nýjum störfum.

- c. FSÍ hefur borist tilkynning um ráðstefnu á vegum FIG um framtíð Gymnaestrade og framtíð fimleika fyrir alla sem haldin verður í Cape Town í Suður Afríku 23.-27. nóvember nk.
- d. Norma Dögg Róbertsdóttir hefur fengið styrk frá afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ.
- e. Fundargerðir tækninefndar hópfimleikum frá 3. maí sl. og vinnufundar frá 17. maí sl. lög fram. Fundargerð fræðslunefndar frá 23. júní 2010 lögð fram.
- f. ÍSÍ hvetur sambandsaðila til að taka þátt í Ólympíudeginum 23. júní nk.
- g. Bréf hefur borist frá Umhverfisstofnun um breytingar á reglugerð nr. 814/2010. Breytingin felur í sér að auðkenna skuli barnahópa í sundi og gæslu slíkra hópa.
- h. Birna Björnsdóttir, sem á sæti í stjórn FIG, kynntu helstu umræðuefni á stjórnfundum FIG sem haldinn var í USA 21. -23. maí sl.

Næsti fundur verður haldinn á Selfossi miðvikudaginn 8. júní nk. 16.15.

Fundi slitið kl. 19.45

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.